

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 338/2023

2024/EES/48/41

frá 8. desember 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2297 frá 26. október 2023 um að auðkenna aðliggjandi gámaumfermingarhafnir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽¹⁾.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21alq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2166) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21alr. **32023 R 2297**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2297 frá 26. október 2023 um að auðkenna aðliggjandi gámaumfermingarhafnir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L, 2023/2297, 27.10.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2297, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2297, 27.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1420, 13.6.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 13.6.2024, bls. 76.